



Borgarráð

Þóknun til yfirkjörstjórnar Reykjavíkur.

Samkvæmt 6. mgr. 15. gr. kosningalaga nr. 112/2021 skal sveitarstjórn ákveða þóknun fyrir störf og setu í yfirkjörstjórn sveitarfélags, undirkjörstjórn og hverfiskjörstjórn. Þóknanir fyrir undir- og hverfiskjörstjórnir voru ákvarðaðar á fundi borgarstjórnar 5. apríl sl.

Yfirkjörstjórn Reykjavíkur fundaði alls 18 sinnum í aðdraganda síðustu borgarstjórnarkosninga. Aukið álag var á yfirkjörstjórninni við innleiðingu nýrra kosningalaga og reglugerða sem leiddu í nokkrum tilvikum til breytinga á verklagi seint á undirbúningstíma.

Í ljósi ofangreinds er óskað eftir því að borgarráð samþykki að þóknun yfirkjörstjórnar Reykjavíkur verði sú sama og dómsmálaráðuneytið ákvarðaði til yfirkjörstjórna við alþingiskosningarnar haustið 2021.

Virðingarfyllst,

Helga Björk Laxdal

Skrifstofustjóri borgarstjórnar